

21. desember 2018

V. Kæru Lyfjaeftirlits ÍSÍ gegn Oddi Rúnari Kristjánssyni sem barst skrifstofu ÍSÍ 18. desember 2018

Skv. gr. 24.1 laga ÍSÍ er kærufrestur útrunninn í málinu.

*"24.1. Kærufrestur til dómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrott er að ræða séu ekki skemmri frestir ákveðnar í lögum viðkomandi sérsambands. **Í málum er varða brott á 44. grein laga ÍSÍ skal kærufrestur þó vera fjórar vikur frá því að öll gögn málsins berast Lyfjaráði ÍSÍ.**"*

Samkvæmt gögnum málsins lá staðfesting á jákvæðri niðurstöðu frá rannsóknarstofu fyrir 5. nóvember s.l. Samkvæmt því rann kærufrestur út 3. desember s.l.

Samkvæmt þessu er málinu hér með vísað frá dómi.

Halldór Frímansson, dómari  
(sign)

*Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.*